

**Ed.** **523. Frumvarp til laga** [267. mál]  
um breyting á lögum nr. 3 6. marz 1964, um laun forseta Íslands.  
(Lagt fyrir Alþingi á 91. löggjafarþingi, 1970—71.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:  
Launakjör forseta Íslands skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Í lögum nr. 3 6. marz 1964 eru forseta Íslands ákveðin 35 000.00 króna laun á mánuði.

Með hliðsjón af þeim hækkunum, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna, er augljóst, að breyta þarf greindu ákvæði. Hins vegar virðist ástæðulítið og of þunglamalegt að halda áfram við þá aðferð, að Alþingi ákveði hverju sinni breyting á launakjörum forsetans og eðlilegt að þau séu ákveðin af Kjaradómi eins og launakjör ráðherra og hæstaréttardómara.